



FRÉTTATILKYNNING frá Háskóla Íslands

Reykjavík 3. apríl 2008.

Í apríl 2004 barst siðanefnd Háskóla Íslands kæra Auðar Sveinsdóttur, ekkju Halldórs Kiljans Laxness, á hendur dr. Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Taldi kærandi dr. Hannes hafa brotið gegn höfundarétti Halldórs Kiljans Laxness við gerð og útgáfu fyrsta bindis ævisögu skáldsins sem út kom síðla árs 2003. Siðanefnd vísaði málinu til þáverandi rektors HÍ í desember 2004. Þá hafði kærandi höfðað dómsmál á hendur dr. Hannesi. Í ljósi þess ákvað þáverandi rektor að fresta meðferð málsins þar til niðurstaða dómstóla lægi fyrir og var dr. Hannesi tilkynnt um það. Hæstiréttur dæmdi í málinu 13. mars sl. Samkvæmt dómnum er dr. Hannesi gert að greiða Auði Sveinsdóttur fébætur og málskostnað fyrir að hafa í fjölmörgum tilvikum brotið gegn höfundarétti eiginmanns hennar.

Dr. Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, hefur ritað dr. Hannesi bréf. Þar kemur fram að sem prófessor við Háskóla Íslands njóti dr. Hannes akademísks rannsóknarfrelsis sem feli m.a. í sér rétt til að ákveða sjálfur viðfangsefni innan þess fræðasviðs sem viðkomandi starfi á og rétt til að velja sjálfur þær aðferðir sem beitt er. Þetta frelsi takmarkist þó af því að virða lög og reglur og brjóta ekki gegn mikilvægum réttindum annarra eins og höfundarétti.

Í bréfi rektors kemur fram að rektor telji að staðfesting Hæstaréttar á því að dr. Hannes hafi við ritun ævisögunnar brotið gegn höfundarétti Halldórs Kiljans Laxness sé áfall fyrir Háskóla Íslands. Dómurinn sé staðfesting þess að dr. Hannes hafi sýnt af sér óvandvirkni í starfi sem teljist ósæmileg og ósamrýmanleg þeim kröfum sem Háskóli Íslands geri til akademískra starfsmanna sinna. Að fengnu álit fjölmargra lögfræðinga, bæði utan og innan Háskóla Íslands, telur rektor brotið efnislega verðskulda áminningu til starfsmanns. Í ljósi mats á stjórnarsýslulegri meðferð málsins og þess stranga lagaramma sem skólanum er gert að fylgja, ásamt því að fjögur ár eru liðin frá því að brotið átti sér stað, telur rektor hins vegar að virða verði þessa þætti starfsmanninum í hag. Háskólinn hafi ekki lagalegt svigrúm til að veita áminningu með tilsvarendi réttaráhrifum. Niðurstaða málsins er því að í bréfinu til dr. Hannesar átelur rektor vinnubrögð hans og gerir þá kröfu að þau verði ekki endurtekin.

Með bréfinu er lokið meðferð rektors á máli því sem upphaflega hófst með kæru Auðar Sveinsdóttur.

Rektor Háskóla Íslands bendir á að skólinn og starfsmenn hans hafi notið óviðjafnanlegs trausts í störfum sínum og slíkt traust sé grundvöllur starfsemi skólans og lykilatriði í þeirri sókn sem skólinn hefur hafið. Úttektir alþjóðlegra og innlendra stofnana á starfsemi háskólans hafi leitt í ljós að starfsmenn hans hafi skilað mikilli og góðri rannsóknarvinnu á fjölbreyttu sviði vísinda undanfarin ár. Málið sem hér um ræðir er einstakt, þar sem vinnubrögð starfsmanns hafa rýrt traust skólans. Rektor hefur sett af stað vinnu innan skólans um setningu starfsreglna þar sem meðal annars verður tekið á þeim álitaeftum sem hafa komið upp í tengslum við mál dr. Hannesar til að fyrirbyggja að mál af þessu tagi komi upp aftur.